

Sp.

462. Fyrirspurn

[234. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. a. Hversu háar voru greiðslur daggjalda frá hinu opinbera til heilsuhælis NLFÍ í Hveragerði s.l. 5 ár (sundurliðun eftir árum)?
b. Hversu miklum fjárhæðum námu aukagjöld sem tekin voru af vistmönnum á sömu árum?
c. Hve hátt er nú daggjald fyrir hvern vistmann?
d. Hve hátt er nú aukadaggjald fyrir hvern vistmann?
e. Hefur daggjaldanefnd fengið reikninga hælisins til hliðsjónar þegar daggjöld hafa verið ákveðin s.l. 5 ár?
2. Hver er nú leyfilegur fjöldi vistmanna skv. rekstrarleyfi, sbr. 26. og 27. gr. 1. nr. 59/1983?
3. Hver er meðalfjöldi vistmanna skv. daggjaldagreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins?
4. Hafa heilbrigðisyfirvöld notað rétt sinn til eftirlits skv. 28. gr. 1. nr. 59/1983? Ef svo er, hefur það eftirlit náð jafnt til heilsugæslu og rekstrarþátta, svo sem bókhalds?
5. Hafa heilbrigðisyfirvöld fylgst með starfsemi Náttúrulækningafélags Íslands, sem er eigandi hælisins, að því er varðar rekstur þess á hælínu, svo sem boðun og starf landsþinga, val fulltrúa, reikningshald og kosningar í rekstrarstjórn hælisins?
6. Hvenær var síðast kosið í rekstrarstjórn hælisins, hverjir eiga þar sæti og hverjir eru varamenn?
7. Hverjir hafa verið löggiltir endurskoðendur hælisins frá 1980? Hafa þeir verið tengdir stjórnarmönnum vegna viðskipta eða skyldleika?
8. Hverjir hafa verið yfirlæknar hælisins frá 1980 til þessa dags, hvenær hafa þeir verið ráðnir, hvenær hafa þeir gegnt störfum og hvaða sérfræðingsréttindi hafa þeir haft?
9. Voru nýlegar umsóknir um stöðu hjúkrunarforstjóra hælisins lagðar fyrir hjúkrunarráð, skv. 4. mgr. 31. gr. 1. nr. 59/1983?
10. Hefur ráðuneytinu borist þróunar- og rekstraráætlun frá hælisstjórn, skv. 5. mgr. 30. gr. 1. nr. 59/1983, og ef svo er, hefur slík áætlun verið staðfest í ráðuneytinu?
11. Lítur ráðuneytið svo á að reglugerð nr. 452/1978 fyrir heilsuhæli NLFÍ, Hveragerði, sé enn í fullu gildi?
12. Telur ráðuneytið þörf á að athuga einstaka þætti í starfsemi hælisins eða rekstur þess í heild?
13. Telur ráðherra að auka þurfi eftirlit með þeim sjúkrastofnunum sem ekki eru í eigu ríkisins eða ekki starfræktar á þess vegum?

Skriflegt svar óskast.